Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Í næsta tbl. STÉTTABARÁTT-UNNAR verður gerð ítarleg grein fyrir atburðum Dagsbrúnarfundar-ins sunnudaginn 20. feb.

6. tölublað | Þriðjudagur 22. feb. 1977 | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Einstæðir foreldrar ofsóttir

Félag einstæðra foreldra sendi nýlega frá sér umsögn um nýja skattafrumvarpið. Þar er því mótmælt að "einstæðir foreldrar muni skv. nýja frumvarpinu í nánast öllum tilvikum bera skarðari hlut frá borði en aðrir þegnar og fái FEF ekki séð að nokkur hópur komi verr út hvað snerti skattaálagningu".

Það er ekki furða að Félag einstæðra foreldra rísi upp gegn þessari svívirðingu sem ríkisvaldið hefur vogað sér að bera á borð fyrir almenning. Samkvæmt nýja skattafrumvarpinu "sem átti að bæta misfellurnar í skattakerfinu" er gert ráð fyrir aukinni skattlagningu á einstæðum foreldrum í svo til öllum tilfellum. Meðlag sem hingað til hefur ekki verið skattskylt verður svo í framtíðinni, skv. áætlun Matthíasar. Leiðir það að meðaltali til 24. þúsund króna skattahækkunar á hvert barn sem einstætt foreldri á. Ef frumvarpið næst í gegn á þingi er allar líkur á að tekjustofnum sveitafélaga verði breytt þannig að meðlag verði einnig skattskylt til útsvars. Það merkir 12 þús. krónur í viðbót á hvert barn. Skattar munu því hækka um 36 þús. krónur á hvert barn einstæðs foreldris skv. fyriræltunum stjórnvalda. Þessi tala leggst á skattgreiðendur svo til óháð tekjum.

Það er alveg í samræmi við anda þessa frumvarps að reiknað skuli með því að skattarnir hækki þeim mun meira sem börn einstæðs foreldris eru fleiri. Einstæð skúringakona með 4 börn fær að blæða margfalt meira en einstæður skrifstofustjóri með 1 barn.

Einstætt foreldri með tvö börn á framfæri og kr. 1 millj. (meðlag er talið með tekjum) í tekjur hækkar í sköttum, skv. frumvarpinu um krónur 23.600 (með hækkun útsvars kr. 35.600).

Einstætt foreldri með þrjú börn á framfæri og 1.5 millj. kr. í árstekjur hækkar um 95.200 krónur.

Samhliða þessum ofsóknum ríkisvaldsins á hendur einstæðum foreldrum hafa þær fréttir borist frá Bandaríkjunum að sökum hækkunar á ýsu- og þorskblokk sé gert ráð fyrir hálfs milljarðs gróðaaukningu íslenskra auðfyrirtækja á næsta ári.

MVS.

Daoud Kaloti kemur til Íslands

Um næstu helgi er væntanlegur hingað til Íslands, sendifulltrúi Palestínsku Frelsissamtakanna (PLO), Daoud Kaloti. Daoud Kaloti hefur aðsetur sitt í Svíþjóð og er aðalfulltrúi PLO á Norðurlöndum. Tilgangur hans með heimsókn sinni til Íslands er sá, að fræða landsmenn um ástandið í heimalandi sínu og markmið PLO í frelsisbaráttu palestínsku alþýðunnar fyrir viðurkenningu á rétti til eigin þjóðríkis, sjálfstæðis og frelsis. Daoud Kaloti mun halda ræðu um þessi mál á opinberum fundi, sem haldinn verður í Félagsheimili Stúdenta við Hringbraut n.k. sunnudag.

Hetjuleg barátta palestínsku alþýðunnar undir forystu PLO fyrir frelsi og sjálfræði, hefur vakið samúð og stuðning meðal alþýðu alls heimsins. Víða um heim eru starfandi öflug stuðningssamtök við málstað palestínskrar alþýðu og PLO hefur nú stjórnmálasamskipti við fleiri lönd, en ísraelsku heimsvaldasinnarnir. Ísraelsku síonistarnir hafa nú fyrir skömmu hafið öfluga áróðursherferð til að sverta málstað palestísnku alþýðunnar og hindra framsókn PLO í Ísrael. M.a. hafa ráðamenn í Tel Aviv gefið út falskar tilkynningar í nafni PLO og reynt að breiða út sögur um að PLO hafi nú fallið frá markmiðum sínum og vilji sætta sig við smáríki á vesturbökkum Jordanfljóts. Einn liður þessarar herferðar er gerð áróðurskvikmynda, sem níða málstað palestínsku alþýðunnar niður og lýsa PLO sem hópi af bandittum. Nú fyrir skömmu var sýnd hérlendis ein þessara áróðurskvikmynda, Árásin á Entebbe-flugvöll, sem Háskólabíó sýndi.

Markmið PLO

Síðan alþýða Palestínu var rekin burt úr heimalandi sínu fyrir vopnum, er Ísraelsríki var stofnað árið 1948, hefur hún búið í flóttamannabúðum í Líbanon, Sýrlandi og víðar, en einnig innan Ísrael. Í Ísrael er litið á Palestínumenn sem annars flokks borgara og þeir njóta ekki fullra mannréttinda. Baráttan fyrir endurheimt landsins var skipulögð af PLO árið 1960 og síðan þá hefur geysilega margt áunnist. Nú



hefur PLO á að skipa fjölmennum frelsisher, sem fyllilega stendur hersveitum ísraelsku síonistanna á sporði. Þjóðarráð Palestínu er opinber fulltrúi allra Palestínumanna og markmið þess eru að skapa lýðræðisríki, þar sem arabar og gyðingar geta lifað hlið við hlið í sátt og samlyndi. Þjóðarráð Palestínu skilgreinir markmið sín á eftirfarandi hátt:

1. að halda áfram baráttunni, sérstaklega hernaðarlegu baráttunni fyrir frelsun gervallrar Palestínu og fyrir stofnsetningu Palestínsks lýðræðisríkis sem tryggir rétt til vinnu, mannsæmandi lífs fyrir alla borgara svo þeir geti lifað við jafnrétti, bræðralag og réttlæti, lýðræðisríki sem er andstætt öllum fordómum vegna kynþáttar, litarháttar eða trúarbragða.

2. Þetta þjóðfélag mun tryggja skoðanafrelsi, tjáningar- og fundafrelsi, frelsi til mótmælaaðgerða, verkfallsrétt og rétt til að mynda þjóðleg pólitísk samtök og verkalýðssamtök, frelsi til trúarbragðaiðkana; þannig að þetta lýðræðislega palestínska ríki verði hluti hins gervalla sameinaða arabíska þjóðfélags.

3. Á grundvelli þeirrar þarfar, að fundin verði lausn sem byggir á réttlæti fyrir alla, biður palestínska þjóðin alheiminn um aðstoð og hjálp í áframhaldandi baráttu hennar fyrir endurheimt réttar hennar og rétt hennar til að ákveða sjálf framtíð sína án erlendrar íhlutunar.

Vonandi fjölmenna andheimsvaldasinnar og andfasistar á fundinn með Kaloti. Barátta palestínsku alþýðunnar er mikilvæg, henni verður að veita allan þann stuðning sem hægt er að veita.

Fundur um Palestínu

Palestínuhópurinn á Íslandi efnir til almenns fundar í Félagsheimili Stúdenta við Hringbraut í Reykjavík n.k. sunnudag (26. febrúar) klukkan 14^{00}.

Daoud Kaloti, aðalfulltrúi PLO á Norðurlöndum, heldur ræðu. Auk þess söngur ofl.

Fundarmönnum er bent á, að þar geta þeir skráð sig á stofnfund Íslensku Palestínunefndarinnar, en hann verður haldinn aðra helgi í mars og verður auglýstur nánar síðar.

Sýning á myndum og veggspjöldum frá Palestínu

Opnuð hefur verið sýning á veggblöðum og ljósmyndum frá Palestínu í Gallerí SÚM. Sýning þessi mun standa yfir frá 22. feb. til 6. mars. Sýningin verður opin frá klukkan 16^{00} - 20^{00} alla virka daga, en frá klukkan 14^{00} - 22^{00} á laugardögum og sunnudögum. STÉTTABARÁTTAN hvetur alla lesendur sína til að koma og skoða sýninguna, sem Palestínuhópurinn á Íslandi gengst fyrir. Aðgangseyrir er enginn og öll veggblöðin eru til sölu.



1. Farafonov, nú-sendiherra USSR á Íslandi-KGBmaður síðan 1951. 2. Lev Dimitriev, staðinn að njósnum hér. 3. Kirichenko, háttsettur njósnari, var hér í tíð vinstristjórnarinnar -núna "stjórnandinn" í Ósló. 4. Lev Kisilev, staðin að njósnum hér.

Njósnir á Íslandi?

Njósnamálin í Noregi hafa verið mjög í sviðsljósinu undanfarið og vakið marga til umhugsunar um þá starfsemi sem risaveldin reka hérlendis. Vafalaust er að bæði Bandaríkin og Sovétríkin stunda margs konar njósnir hérlendis þar er bæði um stjórnmálastarfsemi og innanríkismál, sem og um iðnað og utanríkisstefnu. Leyniskjölin frægu, sem birt voru á síðasta ári afhjúpuðu ljóslega íhlutun bandarísku heimsvaldasinnanna í íslensk stjórnmál., þau sýndu, að hérlendis eru aðilar sem eru reiðubúnir að beygja sig undir erlenda hagsmuni og ganga í þjónustu erlendra stórvelda. Um langan aldur hefur bandaríska leyniþjónustan CIA fylgst náið með íslenskri vinstri-hreyfingu og skrásett liðsmenn hennar. Tengsl hennar við íslenska aðila, aðra en hægri-flokkana, eru líka sannanleg. Í Garðarstræti er t.d. angi af leyniþjónustu CIA - skrifstofa NATO-Manga.

Bandaríkin stunda njósnir hérlendis

Starfsemi CIA hérlendis er margháttuð. Auk þess að hafa bein áhrif á aðgerðir og afstöðu hægri-stjórnarinnar, hefur bandaríska leyniþjónustan komið á fót tengslum við íslendinga sem reiðubúnir eru að selja land sitt og þjóð hernaðar- og gróðahagsmunum risaveldisins í vestri. VL-mennirnir 14, sem stóðu að undirskriftasöfnuninni Varið Land, hafa án alls efa einhver tengsl fjárhagslegs eðlis við CIA. STÉTTABARÁTTAN benti á það á sínum tíma, að umfang söfnunarinnar og starfsmannahald benti til þess að aðstandendur hennar hefðu í sínum fórum óeðlilega mikið fjármagn að spila úr. Þó má vera, að innlendir aðilar sem hafa hag af veru hersins og NATO hafi hlaupið undir bagga með VL-menningunum líka. Upplýsingarstarfsemi USA hérlendis fer að mestu fram í gegnum upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, sem hefur stórt hús til umráða vestur við Neshaga í Reykjavík. Þar er bæði stórt bókasafn og útlán kvikmynda, sem margar hverjar hafa einkum áróðurslegt gildi fyrir bandarísku heimsvaldastefnuna. Upplýsingastofnunin, sem starfar undir handleiðslu Viktors nokkurs Ólafssonar, sem áður hefur starfað erlendis á vegum bandarísku heimsvaldastefnunnar, hefur að öllum líkindum haldið spjaldskrá yfir "vinstri-menn" á Íslandi um áraraðir. Til þess bendir of margt til þess að hægt sé að neita því rannsóknarlaust. Mönnum hefur oft verið neitað um vegabréfsáritanir til Bandaríkjanna á pólitískum forsendum.

En hvað með rússana?

Alþingismaðurinn Þórarinn Þórarinsson, ritsjóri Tímans, formaður útvarpsráðs með meiru, hefur nú tekið af skarið um taumgæfni Framsóknar við sovésku sósíalheimsvaldasinnana. Hann skrifar í leiðara Tímans, að íslendingar ættu að forðast "móðursýkisskrif" og of mikla njósnahræðslu, þótt það komi í ljós, að Sovétríkin hafi stundað njósnir í Noregi. Til vitnis dregur hann Erlend Einarsson forstjóra SÍS, sem hefur átt mikil og náin skipti við rússa. Segir Þórarinn að reynsla þeirra framsóknarmanna sé góð af sósíalheimsvaldasinnum og því má kannske bæta við að hagnaður þeirra er áreiðanlega ekki lítill af viðskiptunum þeim, þó Þórarinn tali ekki um það. Það er skiljanlegt, að Framsókn vilji ekki að helsti viðskiptaaðili þeirra og borgunarmaður fyrir öllum "vináttuferðum" Þórarins til Sovétríkjanna, liggi undir ámæli hérlendis. Orsökin fyrir því, að Framsókn tekur upp varnir fyrir njósnir og íhlutunarpólitík sovésku sósíalheimsvaldasinnanna er nefnilega sú, að gróði SÍS krefst þess að viðskiptatengsl rússa séu "eðlileg". Og "eðlilegt" að mati Framsóknarmanna er að íslendingar selji rússum ullarvörur og fiskafurðir undir

framhald á baksíðu

LEIÐARI

KFÍ/ML - Forustuflokkur öreigastéttarinnar!

Nútíma endurskoðunarsinnar afneita mikilvægi flokksins. Þeir leggjast gegn því, að hann sé flokkur öreigastéttarinnar og að hann hafi forystuhlutverki að gegna í sósíalísku byltingunni. Drög að Stefnuskrá Alþýðubandalagsins, sem gefin voru út árið 1973, sýna þetta einkenni glöggt. Í þeim segir: "Sósíalískur flokkur hefur því harla mikilvægu hlutverki að gegna, þótt ekki sé hægt að tala um 'forystuhlutverk' hans í þeim þrönga forréttindaskilningi, sem lengi hefur verið lagður í orðið." (bls. 6)

Þessa endurskoðun sína á kenningum Leníns um hlutverk flokksins, byggir AB á því, að verkalýðsstéttin gegni ekki lengur forystuhlutverki fyrir öllum hinum vinnandi og arðrænda lýð. Þannig segir í sama riti:

"Hinn fræðilegi sósíalismi hefur frá upphafi litið svo á, að verkalýðsstéttin væri hið félagslega afl, sem framkvæmd hans yrði fyrst og fremst að styðjast við. Þetta sjónarmið heldur enn gildi sínu í öllum höfuðatriðum, en þó getur nútíma sósíalískur flokkur ekki verið verkalýðsflokkur í þeim þrönga skilningi, sem lengi vel gilti um bæði kommúnista og sósíaldemókrata. Innri greining verkalýðsstéttarinnar hefur farið vaxandi á síðustu áratugum. Hins vegar hefur þróun auðvaldsskipulagsins haft það í för með sér, að hin forna, sjálfstæða millistétt hefur dregist mjög saman, en þess í stað komið fram ný, fjölmenn starfs- og þjónustustétt, sem á meiri samstöðu með verkalýðnum, þar sem hún hefur tekjur sínar af launavinnu, en ekki eignarhaldi á framleiðslutækjunum. Við þessar aðstæður verður sósíalískur flokkur að vinna að sköpun breðirar samfylkingar, sem ekki sé reist á undirgefni allra aðila undir sjónarimið eins þátttakandans (verkalýðsins.), heldur sósíalískri samþættingu hinna ýmsu viðhorfa." (bls. 7)

Í stað marxismans-lenínismans er komin sósíalísk samþætting hinna ýmsu viðhorfa, í stað verkalýðsflokksins er komin breið samfylking allra launamanna og í stað forystuhlutverks verkalýðsins er komin alþýðan öll. En nútíma endurskoðunarstefnan væri ekki eins lífsseig og raun ber vitni um, ef angar hennar teygðu sig ekki inn í marxísku-lenínísku hreyfinguna. Það eru nefnilega til fleiri sem afneita forystuhlutverki verkalýðsstéttarinnar í stefnu sinni og starfi. Í 'Baráttuleið alþýðu' ritlingi útgefnum af EIKm-l, segir svo um stéttarlegan bakgrunn kommúnistaflokksins:

"Kommúnistar leggja áherslu á nauðsyn og hlutverk byltingarsinnaðrar forystusveitar vinnandi alþýðu, sérstaklega verkalýðsins." (bls. 62)

Hér er "samþætting hinna ýmsu viðhorfa" líka í heiðri höfð, verkalýðurinn er bara einn hlutinn af vinnandi alþýðu, eins og hjá Alþýðubandalaginu. Samsvörun í stefnu EIKm-l og AB er engin tilviljun. Báðir þessir aðilar hafa nefnilega svipaða afstöðu til stéttgreiningar íslenska auðvaldsþjóðfélagsins. AB segir: "Handhafar auðmagnsins mynda stétt atvinnurekenda, eða öðru nafni borgarastétt. Hinir sem selja atvinnurekendum vinnuafl sitt - verkafólk, sjómenn, iðnaðarmenn og starfsmenn - mynda verkalýðsstéttina í víðasta skilningi orðsins." (Drög að Stefnuskrá AB, bls. 14)

EIKm-l hafa tekið upp nákvæmlega sömu afstöðu, eftir að þau stungu hinni makalausu skilgreiningu sinni á allri alþýðu sem forystuafli sósíalísku byltingarinnar, undir stólinn kinnroðalaust.

KFÍ/ML er forystuflokkur íslenskrar verkalýðsstéttar og eitt af meginverkefnum hans, er að afhjúpa og einangra and-marxíska afstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar, til þess að geta sameinað verkalýðinn á grundvelli marxismans-lenínismans. Þeir sem afneita forystuhlutverki öreiganna, og flokksins, afneita alræði öreigastéttarinnar líka. Það er þó ekki nóg að viðurkenna alræði öreiganna í orði, það verður að framfylgja forræði verkalýðsstéttarinnar í verki, á sérhverju skeiði byltingarbaráttunnar. Einmitt þess vegna að KFÍ/ML er eina aflið, sem byggir starf sitt algerlega á forystu verkalýðsins, er hann forystuflokkur verkalýðsstéttarinnar á Íslandi.

19.2.

Stéttabarátan 5ára.................

Blaðið eflist

STÉTTABARÁTTAN kom fyrst út í febrúarmánuði 1972. Það árið komu aðeins út 5 tölublöð. En síðan hefur styrkur blaðsins farið jafnt og þétt vaxandi og nú hefur því markmiði verið náð, að skapa öðru sinni vikulegt málgagn íslenskrar verkalýðsstéttar. Þessi áfangi er mikilvægur, því STÉTTABARÁTTAN er vinnupallurinn, sem kommúníska hreyfingin hefur risið við á Íslandi. Vikublaðið sem kom út á 5 ára afmæli blaðsins er merki um þann vöxt sem er í kommúnísku hreyfingunni á Íslandi. Um leið og við fögnum unnum áfanga, leggjum við áherslu á að stuðningsfólk blaðsins herði róðurinn og aðstoði við útbreiðslu og eflingu STÉTTABARÁTTUNNAR.

Verkefni æskulýðssamtaka

Hvert er verkefni æskulýðssamtaka? Þessari spurningu hef ég oft velt fyrir mér vegna þátttöku minnar í Rauðri Æsku. Rauð Æska, félag ungra kommúnista var stofnuð 10. nóv. '75, en þá var kosin bráðabirgðamiðstjórn er gegnaskyldi störfum fram að fyrsta þingi samtakanna er var haldið um mánaðrmótin jan - feb. 1976 Framan af einkenndist starf R. Æ. af að þarna var í raun um brautryðjendahlutverk að ræða, því að um kommúnísk æskulýðssamtök hefur ekki verið að ræða síðan FUK (félag ungra kommúnista) lagðist niður um leið og Kommúnistaflokkur Íslands 1938.

M.a. þess vegna gerði R. Æ. margar villur í upphafi t.d., þá alvarlegu villu að álíta að þorra íslensks æskulýðs væri að finna innan skólanna, þ.a.e.s. framhaldsskólanna, þetta leiddi til kolrangrar baráttuaðferðar og var á góðri leið með að gera R. Æ. að skólasamtökum. Það er athyglisvert og lærdómsríkt að lesa ályktun KFÍ/ML um þessi mál, og þá afstöðu sem flokkurinn hefur tekið"... Markmið kommúnista með starfi sínu meðal æskulýðsins er að vekja hann til vitundar um og virkja hann í þágu stéttabaráttu verkalýðsins. Kommúnistar meiga aldrei gleyma í því starfi sérhagsmuna verkalýðsæskunnar hvað varðar menntun, vinnu og félagslega aðstöðu.

Þannig hljóta þeir staðir þar sem verkalýðsæskunna er að finna að vera mikilvægasti starfsvettvangurinn t.a.m. iðnskólar, verknámsskólar og ýmsir vinnustaðir þar sem ungt fólk starfar. (Úr bæklingnum „Hvað vill KFÍ m-l" ályktun um æskulýðsmál bls. 53.)

Þetta er kjarni málsins. Í apríl 1976 var gert upp við þessar villur og var bent á að einungis með því að fara út og starfa meðal verkalýðsæskunnar, væri R. Æ. hlutverki sínu vaxin. En þá komum við að þeirri spurningu hvort R. Æ geti starfað eins og hún hefur starfað hingað til þ.a.e.s. óháð Kommúnistaflokki Íslands m-l. Þeirri spurningu vil ég svara hiklaust neitandi. Einungis með því að R. Æ. gangi til skipulegs samstarfs við flokkinn þ.a.e.s. gerist æskulýðssamtök flokksins hafa þau tilverugrundvöll.

Afstaða miðstjórnar RÆ til KFÍ/ML

Strax við stofnun R. Æ. í janúarlok 1976 var ljóst að ýmis alvarleg vandamál voru fyrst og fremst sprottin af klofningi innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi. Á stofnþinginu urðu deilur bæði um skilyrðin fyrir stofnun samtakanna svo og gerð þeirra, t.d. um það hvort R. Æ. yrði að taka afstöðu til marx- lenínísku samtakanna 2ja þ.e. Kommúnistasamtakanna (m-l) og Einingarsamtaka kommúnista (m-l). Sá hópur sem krafðist skýlausrar afstöðu með öðrum hvorum samtökunum yfirgaf þingið eftir að tillaga þeirra var felld, þar á meðal eini félagi Eik (m-l) á þinginu. Eftir þetta hóf Verkalýðsblaðið, málgagn Eik (m-l) harðar árásir á R. Æ., sem hlutu að útiloka félaga Eik (m-l frá Rauðri Æsku.

Uppfrá þessu var ljóst að R. Æ. yrði aldrei samfylking, en ekki heldur kommúnísk samtök nema í víðustu merkingu þess orðs. Þ.e.a.s. grundvöllurinn var fremur almenns eðlis og tók ekki afstöðu til allra grundvallaratriða, sem varða íslensku byltinguna. Slíkur grundvöllur felur auðvitað í sér vissa hættu á úrkynjun samtakanna, og þá um leið hættu á ennfrekari klofningi marx-lenínísku hreyfingarinnar, eða enn einum hentistefnuhópnum og er þar vart á bætandi..

Það er skoðun mstj. R. Æ. að núverandi skipulag R. Æ., sé með öllu ófært um að mynda framvarðarsveit hinnar byltingarsinnuðu æsku, vegna skorts á pólitískri leiðsögn og bjóði auk þess úrkynjunarhættunni heim eins og fyrr er getið.

Eftir stofnun Kommúnistaflokks Íslands, hefur komið upp ný staða innan kommúnísku hreyfingarinnar á Íslandi. Sem kommúniskur flokkur lýsir KFÍ m-l því yfir að hann sé framvörður íslensks verkalýðs.

Öll viðleitni til að viðhalda klofningi marx-lenínísku hreyfingarinnar eftir stofnun kommúnísks flokks, sem í aðalatriðum byggir á réttri afstöðu til fræðikenningarinnar og starfsins, er klofningsstarfsemi sem ekki fær samrýmst hagsmunum hinnar vinnandi alþýðu.

Mstj. álítur að sú afstaða Eik m-l til sameiningar marx-lenínísku hreyfinganna, að gera söguleg atriði s.s. forsögu KFÍ m-l (það er KSML) að forsendu fyrir sameiningu sé röng og leggur áherslu á að einungis í starfi er að hægt að sýna framá réttmæti einhverrar pólitíkur. Þau orð Envers Hoxha að stofna skuli nýjan kommúnistaflokk þá og því aðeins að sá flokkur sem fyrir er hafi endanlega gengið endurskoðunarstefnunni á hönd eigi við hér sem annars staðar.

Stefnuskrá KFÍ m-l er í fullu samræmi við stefnuskrá R. Æ.

Engin samtök sem kenna sig við marx-lenínismann geta skorast undan því að taka afst. til kommúnistaflokksins. Það verður því verkefni annars þings Rauðrar æsku að taka afstöðu til flokksins.

Það er því álit mstj. R. Æ. að KFÍ m-l sé marxískur - lenínískur flokkur, sem hafi í grundvallaratriðum til rétta afst. til fræðikenningarinnar og starfs, því beri R. Æ. að lýsa yfir stuðningi við flokkinn. Ennfremur álítur mstj. að kanna beri skipulagsleg tengsl við flokkinn, það er að segja gera Rauða Æsku að æskulýðssamtökum Kommúnistaflokks Íslands M/L.

Miðstjórn Rauðrar Æsku.



ÚR BARÁTTUNNI

SJÓMENN MÓTMÆLA KJARASKERÐINGUNNI

Sameiginlegur fundur sjómanna á Hellisandi, Rifi og Ólafsvík haldin í Röst 6, feb. mótmælir harðlega þeim sífelldu kjaraskerðingum sem launþegar hafa orðið að þola undanfarin misseri og telur að ekki verði lengur við unað.

Fundurinn lýsir furðu sinni yfir, að þrátt fyrir verulegar hækkanir á fiskafurðum okkar erlendis, skuli ekki vera grundvöllur fyrir verulegum fiskverðhækkunum (á skiptaverði til sjómanna) og dregur þá túlkun málsins í efa.

Fundurinn tók undir mótmæli Sjómannasambandsins gegn skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem mun ef fram gengur skerða sjómannafrádrátt um 25-30%. Þá hvatti sjómannarundurinn til einarðrar baráttu fyrir raunhæfum kjarabótum.

LAUNAJAFNRÉTTI KARLA OG KVENNA.

Síðastliðin vetur samþykkti hið háa Alþingi lög um launajafnrétti karla og kvenna sem ynnu sömu störf. Framkvæmdaaðilinn hlýtur að vera atvinnurekendur og verkalýðshreyfingin, því að eina valdið sem ríkið gæti mögulega beitt er lögreglan og ervitt væri að beita henni í þessu máli. En hvað gera svo aðilar vinnumarkaðsins til að framfylgja þessum lögum. Atvinnurekendur gera ekkert, vegna þess að þeir borga verkakonum og körlunum misjafnlega til að sundra þeim og skapa öfund og hatur á vinnustöðum. Þannig verður verkafólkið hættuminna. Forystumenn Iðju þar sem vinna bæði verkamenn og konur á lægri launum, sefjast ekki geta gert neitt, því að karlarnir eru yfirborgaðir, það er þeirra svar. Máttlaus verkalýðshreifing að tarna, sem hefur svona foringja sem geta ekki barist gegn launamisréttinu á vinnustöðunum, vegna þess að atvinnurekendur yfirborga karlanna. Vissulega er það ekkert ráð að lækka kaup karlanna, heldur þvert á móti að krefjast sömu yfirborganna fyrir. Það er eina raunhæfa lausnin.



yfir endurreisn jarðskjálftahéraðanna í kringum Tangshan í fyrra, aflaði honum enn frekar fylgis í Kína.

Kínversk alþýða hefur hyllt hinn nýja leiðtoga sinn á fjöldafundum um allt land, fyrir forystu hans í baráttunni gegn klíku fjórmenninganna og fyrir staðfasta framkvæmd hans á stefnu Maó formanns. Í dag fylkja 800 milljónir kínverja sér að baki miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína undir leiðsögn Hua Kuo-feng formanns.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.
Neskaupstaður: Messíana Tomasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík. s. 2641.

Lýðskrum krataflokkanna

Nú nýlega hafa komið fram á Alþingi tvö frumvörp sem bæði stefna í þá átt, að Alþingi beri að taka ákvarðanir um kjör launafólks í landinu, launahlutföll og lágmarkslaun.

Alþingismenn sem hingað til hafa að mestu takmarkað afskipti sín af launamálum við það að samþykkja lög sem skerða réttindi vinnandi fólks eða skammta sjálfum sér "hæfileg laun" fyrir starf sitt, hafa að því er virðist fengið skyndilegan áhuga á kjörum launþega og þá einkum láglaunafólksins. Stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur, hafa nú hvor fyrir sig lagt fram tillögur sem eiga að rétta hlut þeirra lægstlaunuðu að sögn forsvarsmanna tillaganna.

Alþýðuflokkurinn leggur fram lagafrumvarp, sem felur í sér að Alþingi ákveði með lagasetningu að ekki megi greiða lægri laun en 100 þúsund krónur. Þrír þingmenn Alþýðubandalagsins leggja fram þingsályktunartillögu um að "ríkisstjórnin láti undirbúa löggjöf um hámarkslaun þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns, miðað við 40 stunda vinnuviku", þ.e. aðeins sé leyfilegur tvöfaldur launamismunur.

Núna eru lægstu laun (t.d. í Dagsbrún og Iðju) u.þ.b. 70 þúsund krónur og raunverulegur launmismunur allt að því tífaldur. (Sbr. árslaun lækna sem geta farið langt yfir 8 milljónir).

Þannig er augljóst að það eru verulegar breytingar, sem yrðu ef þessum tillögum yrði komið í framkvæmd. En er það þá svona auðvelt að það þurfi aðeins 2 tillögur á Alþingi til að láta gera svona róttækar breytingar ? Og er það þá e.t.v. leiðin að launafólk láti bara þingmenn sjá um kjarabaráttuna fyrir sig og losni alveg við að standa í langvinnum verkföllum til að leiðrétta hlut sinn gagnvart atvinnurekendum ?

Kosningalýðskrum

Það gæti virst í fljótu bragði, að þetta sé rétt. En þegar nánar er aðgætt sést að hér er aðeins um að ræða enn eina tilraun krataflokkanna til að slá ryki í augu launafólks með því að láta líta svo út, að hægt sé að gera "endurbætur" á kjörum þess, án þess að hrófla við gróða atvinnurekenda, þ.e. án þess að breyta skiptingunni milli launavinnu og auðmagns.

Tillögurnar eru einnig liður í blekkingaráróðrinum um "vinsamlegt ríkisvald" og alþýðustjórn, bara ef þessir flokkar nái meirihluta á þingi. Og þannig bera þær keim af lýðskrumi, frekar en að hugur fylgi raunverulega máli.

Gleyma verðbólgunni

Í röksemdafærslu með tillögu Alþýðuflokksins er sagt að ekki geti nokkur maður lifað á minna en 100 þúsund krónum á mánuði og því eigi lægstu laun að hækka upp í það mark strax. Þetta er vissulega rétt athugað hjá þingmönnunum og vonum seinna að þeir gerðu sér grein fyrir hvaða kjör íslenskt alþýðufólk býr við. En í tillögunni "gleyma" þeir alveg að taka fram, að tryggja verði að eigendur framleiðslutækjanna taki ekki jafnharðan aftur þessar kjarabætur of etv. meira til með sínum venjulegu ráðum - verðhækkunum, gengisfellingu o.fl. slíku sem íslenskir launþegar kannast orðið vel við.

Í sambandi við allar launahækkanir, verður það að vera meginkrafa, að atvinnurekendur verði látnir borga kostnaðinn af þeim, en fái ekki að velta þeim öllum beint út í verðlagið.

Á að hækka eða lækka launin?

Um tillögu Alþýðubandalagsmanna er það að segja, að hún virðist samin í einhverju tómarúmi, fjarri þeim raunveruleika sem blasir við launafólki í dag. Enda bendir tillagan ekki á neinar leiðir til að framkvæma þá breytingu sem hún boðar.

Á t.d. að hækka laun verkafólks svo þau nái ráðherralaunum eða á að lækka þingmenn og ráðherra í launum svo rétt bil náist ? Hver á að ákveða hvaða launabil sé hæfilegt ? Kannske forystulið launþegasamtakanna í samráði við atvinnurekendur og ríkisvald ? Telja þingmennirnir líklegt að fríðindi og duldar greiðslur til hálaunamanna verði afnumdar með hliðsjón af t.d. skattasteinu ríkisvaldsins ?

framhald á baksíðu...



Ný róttæk hljómplötuútgáfa



Nýlega kom hópur ungs fólks saman til að ræða möguleikana á stofnun róttækrar útgáfu, félags sem annast gæti útgáfu og dreifingu róttækrar listar og þá f.o.f. hljómlistar. Þessi hópur sat ekki við orðin tóm heldur tók til óspilltra málanna. Félag var stofnað og það skírt Gagn og gaman.

Til að forvitnast um félag þetta og fyrirætlanir þess hafði Stéttabaráttan samband við einn forsvarsmanna þess, Pál Baldvinsson, og lagði fyrir hann nokkrar spurningar.

Stb: Til hvers eruð þið að stofna nýja hljómplötuútgáfu?

Páll: Þetta félag má líta á sem svar við þeirri staðreynd að hljómplatan er miðill sem vinstri hreyfingin á Íslandi hefur ekkert notfært sér til áróðurs. Það er enn grátlegra í ljósi þess að þeir hljómlistarmenn sem virkilega eru skapandi eru langflestir róttækir. Takmark okkar er að gefa slíkum listamönnum tækifæri til að koma list sinni á framfæri. List sem kemst ekki að annars staðar vegna róttækni hennar.

Stb: Byggir félagið á ákveðnum pólitískum grundvelli?

Páll: Nei, ekki nema þeim að við ætlum að gefa út róttæka hljómlist. Fyrirtækið er hugsað sem valkostur við markaðinn í dag. Í fyrsta lagi hyggjumst við bjóða upp á vandaðri músik en gerist og gengur. Í öðru lagi þá útrýmum við milliliðunum sem gerir okkur kleift að selja plöturnar á lægra verði en almennt er. Og í þriðja lagi þá er ætlun okkar að geta boðið listamönnunum sjálfum betri laun er gerist og gengur. Þessi stefnumið okkar byggja á því að við erum ekki gróðafyrirtæki eins og öll útgáfufyrirtækin eru í bransanum í dag. Sem sagt: Betri framleiðsla, betri kjör fyrir neytandann, betri kjör fyrir listamanninn

Stb: Þið eruð bjartsýn á að þetta fyrirtæki muni bera sig?

Páll: Vissulega. Við teljum að það sem við bjóðum upp á sé mjög tímabært. Það er þess eðlis að það nái til stórs hóps. Það sem ýtti okkur út í þetta upphaflega var að við sáum að róttæk fyrirtæki á borð við þetta ganga víðs vegar í Evrópu og það við góðan orðstír eins og t.d. Demos og Mai á Norðurlöndunum. Ég held að það sé íhaldssemi hvað róttæk hreyfing á Íslandi hefur verið sein til að átta sig á þessum áhrifamikla miðli, hljómplötunni.

Annars er plötuútgáfa ekki það eina á stefnuskrá okkar. Í framtíðinni er draumurinn að fara út í bókaútgáfu, hljómleikahald og myndlist. En það bíður síns tíma.

Stb: Hvernig er félagið uppbyggt?

Páll: Það fólk sem greiðir ársgjald telst fullgildir meðlimir. Kosin stjórn hefur umsjón með starfi félagsins en á félagsfundum sem haldnir verða ársfjórungslega eru teknar ákvarðanir um útgáfuna

Stb: Hvernig ætlið þið að afla fjármagns fyrir útgáfuna?

Páll: Þetta er mjög kostnaðarsamt fyrirtæki. En við treystum á góðar undirtektir róttæks fólks. Við treystum á að vinstri menn skilji nauðsynina á því að skapa vettvang þar sem róttækt tónlistarfólk kemst að með verk sín. Stuðningur fólks er því firnamikilvægur. Í mars munum við hefja herferð bæði í Reykjavík og úti á landi. Bjóðum við fólki að gerast meðlimir félagsins til tveggja ára fyrir 5000 krónur. Þannig hyggjumst við ná inn stofnfé fyrir þau þrjú verkefni sem eru fyrirhuguð á næstunni. Fyrir þessar 5000kr. fær fólk framleiðsluna gegn vægu verði auk þess sem það öðlast atkvæðisrétt í félaginu.

Við þökkum Páli fyrir viðtalið.

Félagið hyggst gefa út 4-5 hljómplötur á þessu ári, þar af eru þrjár þegar ákveðnar. Um miðjan mars kemur út plata með Olgu Guðrúnu Árnadóttur sem syngur lög og ljóð eftir Ólaf Hauk Simonarson. Þessi plata er að sögn Páls Pólitískt rokk og ballöður. Margir valinkunnir tónsnillingar aðstoða við gerð plötunnar.

Í vor kemur svo plata með Erni Bjarnasyni sem flytur gömul og ný lög.

Næsta sumar kemur svo þriðja platan, barnaplata sem á að kalla "Gagn og gaman". Þessi plata verður unnin í hópverkefni en er ekki fullmótuð ennþá. Er ætlunin að hún fjalli um barnaskólann sem stofnun og þau áhrif sem hann hefur á líf hvers einstaklings.

Stéttabaráttan fagnar þessu frumkvæði til að koma á fót róttækri hljómplötuútgáfu. Er það vonandi að sem flestir vinstri menn sjái sér fært að styðja við bakið á þessum stórhuga hóp. Nánari upplýsingar um félagið geta menn fengið í símum 17807 (Páll) og 15935 (Guðrún). Bókabúðin Rauða Stjarnan mun einnig selja áskriftarkort.

-/MVS.

Fyrir hverja eru lífeyrissjóðirnir?

Allir launavinnumenn á Íslandi eiga að vera í lífeyrissjóði, hver í sínu stéttafélagi. Fyrstu lífeyrissjóðir verkafólks, voru hjá Dagsbrún og Iðju (félagi verksmiðjufólks). Til þeirra var stofnað árið 1959, með samþykktum á félagsfundum verkalýðsfélaganna. Ákveðið var að 4% af tekjum verkamanns og 6% frá atvinnurekanda rynnu til lífeyrissjóðsins og skyldu atvinnurekendur og verkamenn skipa stjórnir sjóðanna að jöfnu. Sjóðsfélagi gat hvenær sem hann þurfti, tekið út peninga sem hann var búinn að greiða, eða beðið með að fá þá þar til hann kæmist á eftirlaunaaldur.

En árið 1970 var reglum um lífeyrissjóði þessara og velflestra annarra verkalýðsfélaga breytt. Sjóðsfélagar sem stofnuðu til þeirra voru ekki spurðir, forystumenn verkalýðsfélaganna voru einir um þá ákvarðanatekt. Nú gátu verkamenn sem borguðu ekki tekið út þá peninga sem þeir áttu, heldur aðeins tekið lán og borgað hæstu vexti á hverjum tíma af þeim. Líka var hægt að bíða til 70 ára aldursins og fá þá lífeyrisbætur.

Í fáum orðum sagt, var aldrei hægt að fá þá peninga sem búið var að greiða nema að hluta til. Innistæður og réttindi í lífeyrissjóðunum voru ekki arfgengar, þannig að ef fyrirvinnan féll frá fékk makinn eða aðrir nákomnir ekkert.

Enn annað gilti með atvinnurekendur og aðra braskara. Þeir áttu sína fulltrúa í stjórnum sjóðanna, og fengu og hafa fengið gengdarlaus lán úr þeim.

Ekki er um að ræða að sjóðsfélögum séu sendar upplýsingar um innstæður, eins og gert er með orlof hjá Pósti og síma, sem atvinnurekendur borga. Mörg dæmi eru um atvinnurekendur sem trassað hafa greiðslur svo mánuðum og árum skiptir, og skipta upphæðirnar oft milljónum á fjölmennum vinnustöðum. Þeir fulltrúar sem verkalýðshreyfingin á í stjórnum sjóðanna þegja þunnu hljóði þegar þeir eru spurðir út í þessi mál á fundum verkalýðsfélaganna.

Það er krafa okkar verkafólks að lífeyrissjóðunum verði breytt í svipað horf og þeir voru áður, þannig að hægt verði að fá út út þeim sem búið er að borga þegar þörf er á. Einnig er það skýlaus krafa að sjóðirnir og réttindi þau sem þeir veita séu arfgeng. Við viljum einnig undirstrika að atvinnurekendur eiga ekki að vera í stjórnum sjóðanna, hvað þá að fá lán úr þeim til að braska með.

Sjóðirnir eru afrakstur af vinnu okkar. Verkafólk er arðrænt af atvinnurekendum, en mælirinn er fullur þegar sjóðir sem eiga að vera okkar eru notaðir til að féfletta okkur og arðræna.

-bsk.



Fréttatilkynning frá PLO.

Í Ísrael hefur verið skýrt frá því hvers konar skýrsla það er, sem samin hefur verið af leiðtoga frá PLO og fulltrúa frá hópi sem kallar sig "Ísrael -Palestínu ráðið".

Við viljum harðlega árétta að PLO hefur ekki veitt neinum meðlima sinna leyfi til að taka frumkvæðið að starfi sem er ósamrýmanlegt aðferðunum í baráttu þjóðar vorrar og yfirlýsingum palenstínska þjóðarráðsins.

Þessi nýja "áróðursherferð" þjónar raunverulega því hlutverki að sá óeiningu og sundra fylkingum palestínsku byltingarinnar.

PLO heldur áfram að berjast fyrir sköpun óháðs palestínsk ríkis á ættjörð vorri og mun aldrei viðurkenna hina síonísku einingu þar sem það fæli í sér viðurkenningu á árásarstefnu yfirgangsseggjanna og nýlendustefnunni.

PLO álítur að réttlátur og varanlegur friður verði aðeins grundvallaður á viðurkenningu á þjóðlegum réttindum vorum: sjálfsákvörðunarréttinum, endurheimt landsins og sjálfstæði palenstínskrar alþýðu.

VERKFÖLL Í HOLLANDI.

Undanfarið hafa yfir 20 þúsund verkamenn verið í verkfalli í Hollandi. Deilurnar snúast um vísitölubindingu launa og hækkun kaups. Atvinnurekendur hafa nú fallist á, að laun verði vísitölubundin út þetta ár en neita að samþykkja 2% kauphækkun, sem verkalýðsfélögin fara fram á. Óvíst er hvort deilan leysist á næstunni. Verkfallsbarátta hollensks verkalýðs getur veitt íslenskum stéttarbræðrum þeirra mikilsvert fordæmi. Hún sýnir, að með samstöðu og harðri baráttu er hægt að ná fram vísitölubindingu launanna, sem er ein mikilvægasta krafa verkalýðsstéttarinnar í kjaramálum nú.

KÍNVERSK ALÞÝÐA HYLLIR HINN NÝJA LEIÐTOGA SINN.

Hua Kuo-feng, formaður miðstjórnar Kínverska Kommúnistaflokksins, hefur sýnt og sannað að hann er verðugur arftaki hins látna leiðtoga, Mao Tse-tung. Festa hans í baráttunni gegn klíku fjórmenninganna, Chiang Chang, Chan Chun-chiao, Yao Wen-yuan og Wang Hung-wen, hefur aflað honum trausts og fylgis meðal kínverskrar alþýðu. Sigurinn í baráttunni gegn afbrotum og skemmdarverkum fjórmenninganna, er sigur fyrir alþýðu alls heimsins. Kínversk alþýða virðir og fylgir hinum nýja leiðtoga sínum vegna þess mikla starfs, sem hann hefur leyst af höndum í þágu kínverskrar byltingarinnar. Í heimahéraði sínu Hunan, veitti Hua Kuo-feng uppbyggingu hins víðfeðma áveitukerfis forystu. Hann sýndi þar að hæfileikar hans og fórnfýsi fyrir málstað alþýðunnar, eru ótæmandi. Starf hans í herferðinni fyrir að læra af fyrirmyndarkommúnunni Tachai, hélt félagi Hua fræga ræðu, sem almenningur í Kína hefur fylgt í þjóðfélagslegu starfi sínu. Barátta Hua



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN
6. tbl. 6. árg. 22/2 1977
Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l
STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega
Sími: 27810
Gíró 27810-6.
Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

Landbúnaðarmál

Fyrsta grein!

Ýmsir borgaralegir fjölmiðlar hafa um langt skeið rekið gegndarlausan áróður gegn landbúnaðinum og íslenskri bændastétt. Hingað til hefur STÉTTABARÁTTAN of lítið látið sig varða þennan áróður gegn bændum og kjaramál bænda almennt. STÉTTABARÁTTAN áætlar að birta á næstunni geinaflokk um kjaramál bænda og landbúnaðarmál almennt. Birtist fyrsta greinin í dag og fjallar hún um laun bænda.

Jafnframt hvetur STÉTTABARÁTTAN alla þá sem búa yfir einhverjum hagnýtum upplýsingum í sambandi við þetta mál til að hafa samband við blaðið eða skrifa í það greinar

Hvað fá bændur i kaup?

Oft er því haldið fram að landbúnaðarvörur séu dýrar og að bændur fái hátt kaup. Þess ber að geta að vinnslu- og dreifingarkostnaður er veru legur hluti af verði landbúnaðarafurða og um það má reyndar endalaust deila hvort landbúnaðarvörur séu í rauninni dýrar. Sé miðað við kaupgetu verkafólks eru þær dýrar. Kaup bænda er ákvarðað eftir launum svokallaðra viðmiðunarstétta sem eru aðrar láglaunastéttir í landinu, fyrst og fremst ófaglært verkafólk.

Séu skoðaðar hagskýrslur undanfarinna ára sést að það er langt frá því að laun bænda nái þó launum viðmiðunarstéttanna. Árið 1968 og 1970 voru laun bænda og ófaglærðs verkafólks á þann veg sem hér greinir í töflu:

	1968	1970
ófaglærðir við byggingar	-266	....384 (x)
ófaglærðir við iðnað	-255	368
ófaglærðir við fiskvinnu	-233	361
ófaglærþir við önnur störf	-252	350
bændur og gróðurhúsaeigendur	-197	 311

(x) -allar tölur eru í þúsundum króna

Eins og sjá má er þarna um 20-30% lægra kaup hjá bændum en hjá ófaglærðu verkafólki og hefur það ekkert breyst síðan. Og allir vita að kaup verkafólks er ekkert til að státa af. Tekjur bænda eru mjög mismunandi eftir stærð búa., landshlutum, búgreinum og ýmsu öðru. Sennilega hafa því nokkrir bændur hærra kaup en verkafólk. En langflestir bændur hafa mikið lægra kaup og neyðast æ fleiri bændur til að fá sér aðra atvinnu með búskapnum til að hafa í sig og á. Verður fjallað um þetta síðar.

En ekki er nóg með það hvað launin eru lág: Þau eru ekki greidd út í hverjum mánuði og ekki einu sinni á sama ári. Vorið 1974 keyptu bændur áburð og báru hann á túnin sín. Síðustu eftirstöðvar launanna fengu þeir svo nú um áramótin 1976-7. Í næstu grein mun þetta verða útlistað betur.

Pólitískar embættisveitingar

Framsóknarflokkurinn og hegðun hans er með eindæmum afhjúpandi fyrir spillingu auðvaldsþjóðfélagsins. Ekki nóg með að menntamálaráðherrann sé ómenntaður og dómsmálaráðherrann dæmdur, heldur hefur nú utanríkisráðherra snúið sér að "greiðastarfsemi" og pólitískum embættisveitingum innanlands. Fyrir skemmstu var Alfreð Þorsteinsson skipaður forstjóri Sölunefndar Varnarliðseigna, og embættisveiting þessi var með þeim ókjörum, að langt þarf til að jafna. Alfreð sótti munnlega um og Einar Ágústsson veitti honum embættið, að því er hann segir sjálfur "vegna þess að hann treystir honum svo vel". Vafalaust treystir Einar Alfreði til að annast skransöluna vel, en skyldi hann ekki þekkja fleiri braskara sem hann treystir jafnvel? Hvað um vinina, sem hann leysir undan fangelsisvist í "greiðaskyni"? Eða gamla sálufélaga í víxlabraskinu? Ætli þeir gætu ekki annast skransöluna með jafnmiklum sóma? Embættisveitingar eins og þessar, þar sem gengið er fram hjá mönnum sem starfað hafa árum saman hjá Sölunefndinni, eru einkennandi fyrir stjórnarflokkana og kapitalismann. En það sem kemst í hámæli, er aðeins brot af því sem gert er. Þetta er bara lítið dæmi um rotnun þess þjóðskipulags, sem lifir á arðráni og þar sem ráðamennirnir eru svo óháðir hinu svonefnda "lýðræði", að þeir fara sínu fram hvort sem fólki líkar betur eða verr. Mönnum hefur verið vikið úr embætti fyrir minni afbrot en þetta, Einar Ágústsson ætti að víkja nú þegar úr sæti sínu sem utanríkisráðherra.

framhald af forsíðu

Njósnir á Íslandi?

heimsmarkaðsverði, en fái í skiptum olíu sem er seld á heimsmarkaðsverði. Augljóslega tapar íslenska þjóðin á þessum viðskiptum og þau stuðla að því, að Sovétríkin geti náð kverkataki á íslensku efnahagslífi, en hitt er áreiðanlega rétt að Þórarinn og SÍS græða á þeim. Má vera, að sovésku verslunarfulltrúarnir hafi hreinlega þegar svo sterk tök á SÍS, að forstjóri og aðstandendur þess þori ekki að standa upp í hárinu á hinum volduga viðskiptavini sínum.?

Hvað segir Þjóðviljinn?

Það vekur athygli, að endurskoðunarsinnarnir á Þjóðviljanum fara heldur með veggjum þessa dagana. Að vísu reyna þeir að gera lítið úr njósnum Sovétmanna og kenna "njósnahræðslu" Sjálfstæðismanna og rússagrýlu 4. áratugsins um. En á hinn bóginn eru þeir eins og Björn að baki Kára, vitna í Þórarinn og Tímann en vilja á engan hátt kannast við tengsl sín við sovésku sósíalheimsvaldasinnana. En hver getur efast um óheilindi þessara yfirlýstu "sósíalista", sem brýna geirinn gagnvart njósnum og íhlutun Bandarísku heimsvaldastefnunnar, en þegja og skopast, þegar sovéská sósíalheimsvaldastefnan íhlutast gróflega til um innanríkismál norðmanna? Vissulega eru þessir menn óheilir og sannir stuðningsmenn sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar. Munurinn á þeim og Framsókn er hins vegar sá, að þeir eru huglausir. KFÍ/ML hvetur íslenska alþýðu til árvekni gagnvart íhlutun og njósnum risaveldanna beggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna hérlendis. Það er mál til komið, að fólk ljúki upp augunum fyrir ágengni risaveldanna og kapphlaupi þeirra um yfirráðin yfir N-Atlanshafssvæðinu. Það þarf að gera opinbera rannsókn á starfsemi sendiráða þessara ríkja og skjóta loku fyrir áróðursstarfsemi þeirra hérlendis.

19.2.1977.

Lýðskrum...

framhald af 3. síðu.

Þannig mætti lengi telja upp atriði sem sýna hversu óraunhæf tillagan er. Krataflokkarnir treysta á það að Alþingi felli örugglega tillögur þeirra, en þær geti kannske aukið álit vinnandi fólks í landinu á flokkunum og þannig fært þeim fleiri atkvæði næst og kosið verður.

Styrkja borgaralega ríkisvaldið

Í tillöguflutningi þessum skeyta viðkomandi þingmenn ekki um hættuna á að þeir skapi fordæmi fyrir Alþingi um að skipta sér í æ ríkari mæli af samningum verkalýðsfélaganna og skerða samningsrétt þeirra með lagasetningum.

Er þetta gáleysi þeirra ... skiljanlegra þegar þess er gætt að sjómenn lúta enn gerræðislögum sjávarútvegsráðherra sem skar niður skiptaprósentu þeirra og svipti þá verkfallsrétti í september síðastliðnum. Reynslan hefur kennt verkafólki að Alþingi tekur ekki afstöðu í neinu máli, nema samkvæmt vilja borgaranna, þrátt fyrir að krataflokkarnir reyni að telja okkur trú um annað.

Rvík 18.2. 1977

Námsmenn knýja ríkisvaldið til undanhalds

Stjórnvöld hafa ekki hugsað sér að láta sitja við þær árásir er þau þegar hafa gert á námsfólki frá alþýðuheimilum. Fyrir skömmu voru samþykktar í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna reglur er m.a. kváðu á um að krafist skyldi því sem næst hámarksárangurs í námi til að halda námslánum í stað nokkurs svigrúms sem hingað til hefur verið veitt. Ljóst er að þessum reglum var ætlað að fækka námsfólki og einkum gera þeim erfiðara fyrir um nám sem slæma aðstöðu hafa fyrir, s.s. vegna fjárhags, framfærsluþunga o.þ.h.

Hlutur ráðherra.

Strax og reglur þessar höfðu verið samþykktar upphófst mikil barátta á bak við tjöldin. Námsmenn sendu ráðherra harðorð og rökstudd mótmæli. Í lið með sér fengu þeir háskólaráð HÍ, sem samþykkti mótmæli gegn reglunum á fundi. Hörðum aðgerðum var hótað ef ráðherra undirritaði þessar reglur. Um leið beitti fjármálaráðuneytið hörðum þrýstingi á menntamálaráðherra, að hann undirritaði þær enda átti fulltrúi þess upptökin að þessum reglum. Framsóknaríhaldið vildi einnig tafarlausa undirritun enda átti ein helsta stjarna þess, Jón Sigurðsson, formaður stjórnar LÍN hlut að þeim. Ráðherra vogaði sér þó lengi vel ekki að skrifa undir og var nú leitað einhverrar lausnar sem gæti bjargað skinni ríkisfulltrúanna í LÍN.

Nýjar reglur.

Þessi leit tókst. Ráðherra sendi Jón Sigurðsson, fulltrúa sinn til fundar í stjórn LÍN með nýjar tillögur sem merktu talsverða tilslökun. Var þar komið til móts við námsfólk og aðra andstæðinga reglnanna í ýmsum atriðum en þó eru reglurnar engan veginn þolanlegar enn.

Til að bjarga heiðri hinna óhæfu ríkisfulltrúa voru breytingar þessar nefndar: "Árétting á fyrri stefnu, til að koma í veg fyrir misskilning".

Saga þessa máls sýnir að barátta námsmanna er engan veginn dæmd til að mistakast. Hún sýnir einnig að fulltrúar ríkisvalds einokunarauðvaldsins munu ætíð reyna að ganga eins langt í skerðingarátt og hægt er. Einungis sú staðreynd að hér var illilega vegið að hagsmunum alþýðu og námsmenn höfðu þegar í stað fengið stuðning vinnandi fólks ef til harðra aðgerða hefði komið, tældi ríkisvaldið frá að keyra í gegn fyrirætlanir sínar.

Á vegamótum.

Námsmannahreyfingin stendur nú á vegamótum. Hefði hún átt þann styrk og þá eindrægni sem til þurfti hefði hún getað knúið þessar reglur endanlega til baka, notfært sér augljósan veikleika ríkisvaldsins í þessu máli og sigrað. Full ástæða er til að ætla að nú sé verið að vinna upp slíka eindrægni og stefnufestu, tengda baráttusinnaðri stefnu. Kjarabaráttunefnd námsmanna hefur ákveðið að halda ráðstefnu fyrir vorið til stefnumótunar. Félagar í SÍNE hafa boðað til svipaðrar ráðstefnu í Kaupmannahöfn í byrjun apríl og er vart að vænta annars en róttækrar stefnumótunar þar. Baráttuhreyfing námsmanna sem er skipulögð hreyfing baráttusinnaðra námsmanna í öllum skólum, ætlar að halda ráðstefnu um n.k. mánaðamót. "Vinstrimeirihlutinn" í Stúdentaráði HÍ hefur nýlokið ráðstefnu um m.a. lánamálin. Upp úr öllu þessu starfi mun vafalaust rísa eindræg og hörð baráttustefna, byggð á reynslu liðinna ára. Þar mun verða tekin afstaða til raunverulegrar samstöðu með verkalýð og öllu vinnandi fólki, reynt að fylkja saman sem flestum er sameiginlegra hagsmuna eiga að gæta í baráttunni við auðstéttina og mikilvægasta valdatækis hennar, ríkisvaldið

Baráttufundur verkakvenna 8.mars

Alþjóðadagur verkakvenna er 8. mars næstkomandi. Af því tilefni mun KFÍ/ML efna til baráttufundar. Konur úr verkalýðshreyfingunni munu flytja ávörp, þ.á.m. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir úr Sókn. Dagskráin verður auglýst nánar síðar.

Það er kominn tími til að þessi alþjóðlegi baráttudagur verkakvenna sé endurvakinn hér á Íslandi og skorum við á verkakonur til að leggja sitt lið.



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Námsstarf KFiml

1. Kommúnistaávarpið Marx og Engels (úrvalsrit no. 1.)
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan (bækl. eftir Stalin
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (laun verð og gróði Marx og Engels úrvalsrit no 1)
4. Um ríkið og byltinguna. (Lenin, Ríki og bylting.)
5. Um flokkinn Lenin/Stalin (bæklingur Ksml.)
6. Pólitík KFÍ / ML. (bæklingurinn Hvað vill KFÍ / ML.

Látið skrá ykkur í námshring í Rauðu Stjörnunni sími 27810. Opið daglega á virkum dögum milli kl. 15-18,3o.